



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

## Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Pórunnartúni 6, mánudaginn 11. mars 2019 kl. 16:30-18:30.

(Fundur nr. 7. frá Hellu)

Mætt: Páll Ingþór Kristinsson, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Jónatan Garðarsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Sigrún Stefánsdóttir (um Skype), Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

### Dagskrá fundar

#### 1. *Fundargerð síðasta stjórnarfundar*

Samþykkt með orðalagsbreytingum.

#### 2. *Endurnýjun heimasíðu Sk. Ísl*

Gamli vefur SÍ var orðinn lítt notendavænn og einkanlega lítt snjallsímavænn. Umsjónakerfið var auk þess orðið afar þungt í vöfum. Fyrirspurnir send á þrjú fyrirtæki. Tilboði tekið frá „Allra átta“ (sama fyrirtæki og hefur séð um vefsíðu Kolviðar) og er verið að flytja allt gamalt efni milli gömlu og nýju vefsíðna. Verkið hefur gengið vel og ætti að vera lokið fyrir sumarið. Undirsíður fyrir félögin hafa lítið verið notaðar (undant. Sk.f. Akraness og Sk.f. Eyfirðinga). Þessi félög verða hér eftir að koma sér upp nýjum, eigin síðum. Kostnaðurinn verður 1,6 m kr.

#### 3. *Ársreikningar Sk. Íslands og S- Hún kynntir*

Rekstrarreikningur: Tekjur í heild lækka lítið eitt milli ára (úr 24,9 í 24,6 m kr.). Rekstrartekjur dragast saman milli ára (úr 49,1 í 44,9 m kr.).

Rekstrargjöld standa nokkurn veginn í stað milli ára. „Annar rekstrarkostnaður“ dregst saman milli ára (úr 13,4 í 11,4 m kr.). Tekjur v. útgáfustarfsemi lækkar úr 5,5 í 5,0 m kr. Vegna Úlfljótsvatns: lækkun á tekjum og styrkjum (úr 10,5 í 2,5 m kr.). Opinn skógur: Sömu styrkir, en minni rekstrarkostnaður 2018. Brynjudalur (jólátré): svipaðar tekjur af sölu milli ára, en meiri styrkir (3,4 vs. 1,9 m kr.). Rótarskot (nýr liður) skilar SÍ tekjum upp á 5,8 m kr en verða tekjufærðar árið 2019.

Nettóstaða sérverkefna er 3,4 m kr. (lækkun úr 8,7 m kr. 2017).

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er kr. 2.4 millj en var 6.7 millj árið 2017

Rekstrarniðurstaða ársins eftir fjármagnsliði er 585 þús. kr. (lækkun úr 4,6 m kr. 2017).

Eignir alls: 227 m kr. (2017: 219 m kr.). Skuldir s.t. 56 m kr. (2017: 48,6 m kr.). Afkoman af sjóðum er lítið eitt neikvæð í árslok (um 150 þús. kr.).

Ársreikningur samþykktur af stjórn, en ákveðið að bíða með að skrifa undir reikninginn á næsta stjórnarfundi þegar skýringar verða komnar við nokkrum smáatriðum (sem ekki munu breyta heildarniðurstöðunni).

#### **4. Fulltrúafundur 2019 umræður og kynning**

Fulltrúafundur verður haldinn í húsi Orkuveitunnar nk laugardag kl. 10. Hefst á því að BJ mun fara yfir samninginn um Landgræðsluskóga. Einar Gunnarsson kynnir „dótakassann“. Björn Traustason fjallar um kortlagningu með GSM-síma. Jóhanna Ólafsdóttir fjallar um ræktun aspar í lúpínubreiðum. Else Möller mun segja frá sínu félagi (Skógræktarfélaginu Landbót). Rósa Guðbjartsdóttir mætir ekki eins og vænst var, en vonast er eftir fulltrúa frá SSH (Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu). Þráinn Hauksson landslagsarkitekt mun fjalla um græna stíginn. Haraldur Sverrisson mun fjalla um loftslagsskóga í Mosfellsbæ. Almennar umræður (hvað brennur á félögum í skógræktarfélögum).

#### **5. Fundur með Umhverfis- og samgöngunefnd**

Vegna nýrra skógræktarlaga fóru JG og BJ á fund með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Bent á nauðsyn þess að vernda merk tré.

#### **6. Viðbótar samningur við Kolvið um Úlfljótsvatn**

Kolviður er nánast búinn að fullnýta það land sem áformað var í upphafi og því þurfti að útvega meira land á Úlfljótsvatni (100 ha), ofan við s.k. Dráttarhlíð að Skinnhúfuhelli. Allt bendir til að Kolviður eflist á komandi árum og er að leita að landi víða um land. Stjórnin staðfesti einnig viðbótarsamning um ræktun Kolviðarskóga á landi félagsins á Úlfljótsvatni, sem undirritaður var af formanni Jónatan Garðarssyni og formanni Kolviðar Reyni Kristinnsyni, þann 8. mars 2019.

#### **7. Önnur mál**

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt. Miðar að því að veita skattafrádrátt til fyrirtækja sem vilja kolefnisjafna rekstur sinn með fjárframlögum til skógræktar, uppgræðslustarfa og endurheimtar votlendis. Ákveðið var að send yrði stuðningsyfirlýsing frá SÍ við frumvarpið, en hún þarf að berast nefndasviði Alþingis fyrir 29. mars n.k. KHP hvatti til að lög SÍ verði endurskoðað m.t.t. hvað beri að gera ef félag sofnar (leggst í dvala) án þess að nokkur stjórnarmaður sé enn á lífi. Til þess að fjármunir í eigu slíks félags nýtist skógræktarfélögum, verður að skoða hvað hægt sé að gera í málunum.

***Fleira var ekki gert.***